

Fundargerð stjórnar UMSK

Fundur haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal miðvikudaginn 13. nóvember kl. 12:00

Mættir: Valdimar Leo Friðriksson formaður, Guðmundur Sigurbergsson, Magnús Gíslason, Lárus B. Lárusson, Hanna Carla, Halla Garðarsdóttir. Davíð Svansson - gestur.

Valdimar Leo Friðriksson formaður setti fund og stjórnaði.

Ritari fundar Valdimar Gunnarsson

Dagskrá:

1. Fundargerð frá 2. okt – lögð fram og samþykkt
2. Bréf sem hafa borist
 - Umsókn um inngöngu – Íþróttafélagið Einherjar Kópavogi – stjórn samþykkir með fyrirvara um staðfestingu ÍSÍ á lögunum og nafni félagsins þar sem fyrir eru félög með sambærilegt nafn.
3. Íþróttaveisla 2020 – staðan á verkefnum
 - Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála á Íþróttaveislunni sem haldin verður í Kópavogi 26. -28. Júní 2020. Kyningafundur verður í kvöld hjá HK og annar hjá Breiðablik þar sem farið verður yfir hugmyndafræði veislunnar með þeim félögum og deildum sem ætla að taka þátt. Samþykkt að ráða verkefnastjóra strax um áramót.
4. Frá framkvæmdastjóra
 - Skólahlaup 1100 hlupu í skólahlaupinu í ár á tveimur stöðum þ.e. Mosfellsbæ og Kópavogi. Lindaskóli hlaut Bræðrabikarinn.
 - Blakmót – vel heppnað skólamót í blaki þar sem 750 krakkar tóku þátt.
 - Þing UMFÍ – 15 fulltrúar UMSK sóttu þing UMFÍ á Laugarbakka Miðfirði. Á þinginu var samþykkt að taka inn þrjú Íþróttabandalög inn í hreyfinguna.

- Tilnefningar í nefndir UMFÍ – bréf frá UMFÍ varðandi tilnefningar í þrjár nefndir UMFÍ, Fræðslu-, Umhverfis- og móta og viðburðanefnd. Framkv.stj. falið að finna áhugasama einstaklinga í hreyfingunni.
- Dansmót UMSK – haldið í október. Var í höndum HK og DÍK. Gekk vel og fjöldi áhorfenda fylgdist með.
- Formannafundur ÍSÍ - haldinn föstudaginn 29. nóvember í Laugardal. Formaður og framkvæmastjóri mæta.
- Akstursstyrkir – samþykkt að nota sama kílómetersgjald og ríkisstarfsmenn.
- Fjárfestingar 2019 -2020 – samþykkt

	<i>Verkefnasj.</i>	<i>Landsmótssj.</i>
Staðan í dag	2.000.000	5.800.000
Bíll á leigu	-500.000	
Leiga á bílskúr	-500.000	
Hljóðkerfi		-150.000
Kerra m. merkingu	-1.000.000	
Tvær biathlonbyssur		-750.000
Grill x2		-150.000
Leiktæki í kerru		-150.000
Verkefnastjóri		-2.200.000
Samtals	-2.000.000	-3.400.000
Staða í lok tímabils	0	2.400.000

- Lottó – Lottó til UMSK frá UMFÍ og ÍSÍ hefur verið óvenju gott þetta árið og slær líklega við góðu ári 2018.

5. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.13:15

VLF (Sign), GS(Sign),LBL(Sign),HCJ(Sign),MG(Sign),HG(Sign).